

Sveitarstjórn Múlapings - 44 (17.1.2024) - Bílastæðagjöld á Egilsstaðaflugvelli

Málsnúmer : 202401065

Málsaðili : Hildur Þórisdóttir

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 17.01.2024

Inngangur :

Niðurstaða : Fyrir liggur til umfjöllunar að Isavia innanlandsflugvellir áforma að byrja að innheimta bílastæðagjöld á Egilsstöðum og Akureyri um næstu mánaðarmót en ekki í Reykjavík.

Til máls tóku: Berglind Harpa Svavarsdóttir, Hildur Þórisdóttir, Eyþór Stefánsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jónína Brynjólfssdóttir, Þröstur Jónsson sem bar upp fyrirspurn, Björn Ingimarsson sem svaraði fyrirspurn Þratar Jónssonar og Þröstur Jónsson.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Sveitarstjórn Múlapings lýsir yfir ánægju með frestun á áformum Isavia um innheimtu á bílastæðagjöldum á Egilsstöðum.

Áformin fela í sér verulega auknar álögur fyrir íbúa á landsbyggðinni auk þess sem gjaldtakan eykur kostnað við almennt samgöngukerfi landsins. Sveitarstjórn Múlapings felur sveitarstjóra að boða fulltrúa Isavia til fundar með fulltrúum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.